LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Reglur um upplýsingaöryggi einstaka viðskiptavina

Október 2026

Reglur um upplýsingaöryggi einstaka viðskiptavina

22. október 2026
2407053LA
Málalykill: 00.33

Reglur þessar eru settar í samræmi við 19 gr.b. laga um fjármálafyrirtæki 161/2002, en að öðru leyti gilda einnig reglur um þagnarskyldu um meðhöndlun upplýsinga um viðskiptamenn.

Starfsmenn Lánasjóðsins hafa aðgengi að öllum upplýsingum um viðskiptamenn sjóðsins starfs síns vegna. Viðskiptamenn sjóðsins eru eingöngu sveitarfélög ásamt félögum í þeirra eigu í samræmi við lög um Lánasjóðinn nr. 150/2006.

Skuldastaða einstakra viðskiptamanna er birt í uppgjörum sjóðsins að því gefnu að skriflegt samþykki viðskiptamanna liggi fyrir í samræmi við 59 gr. laga um fft. 161/2002. Að öðru leyti eru engar upplýsingar um einstaka viðskiptamenn opinberar.

Viðskiptamenn sjóðsins geta óskað eftir ýmsum upplýsingum frá Lánasjóðnum eins og skuldastöðu, greiðsluáætlun ofl. Til að fá slíkar upplýsingar þarf sveitastjóri eða fjármálastjóri viðkomandi viðskiptavinar að hafa samband við sjóðinn og óska eftir þeim.

Innri endurskoðandi hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfssemi, meðal annars skýrslum, skrám og öðrum gögnum sem hann telur nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunnar, enda kveður samningur um innri endurskoðun meðal annars um þagnaskyldu varðandi þær upplýsingar sem innri endurskoðun fær upplýsingar um við sína vinnu. Gögn skulu afhent innri endurskoðun að fenginni sérstakri beiðni.

Í samræmi við ákvæði 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, þá er Lánasjóðinum skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu fjárhagslegum upplýsingum, fundargerðum, skjölum og göngum sem varðar starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt. Skv. 3 mgr. 9.gr. þá takmarkar lagaákvæði um þagnarskyldu ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Gögn eru skulu afhent Fjármálaeftirlitinu að fenginni sérstakri beiðni. Þá kunna upplýsingar að verða varðveittar öðrum eftirlitsaðilum ef til þess stendur lagaheimild og þá að fenginni sérstakri beiðni.

Starfsmenn Lánasjóðsins þurfa að veita lögreglu fullan aðgang að upplýsingum eintaka viðskiptavina að undangengnum dómsúrskurði.

Eftirlit með framkvæmd reglnanna er í höndum framkvæmdastjóra Lánasjóðsins.

Reglur þessar eru birtar á heimasíðu Lánasjóðsins, viðskiptavinum til upplýsingar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi þann 22. október 2026

Útgáfusaga

Lagt fyrir stjórnarfund	Samþykkt
22.10.2026	**Samþykkt**
21.09.2026	Kynnt
26.05.2021	Samþykkt
23.09.2020	Samþykkt
24.10.2017	Samþykkt
13.12.2013	Samþykkt